

HMS

b.t. Jóns Smára Jónssonar

sent á skipulag@skipulag.is og jon.smari.jonsson@skipulag.is

21. apríl 2026

Viðbrögð við umsögnum. Skógrækt í landi Fagraness í Öxnadal, Hörgársveit - Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Mnr. 88/2026

Um tilkynninguna til matsskylduákvörðunar bárust alls 6 umsagnir. Þær eru frá Landsneti, Náttúrufræðistofnun (NÁTT), Náttúruverndarstofnun (NVS), Hörgárbyggð, Minjastofnun og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Í nokkrum umsagnanna var bent á nokkur atriði sem framkvæmdaraðili telur rétt að bregðast efnislega við.

1. Í umsögn **Landsnets** er ekki að finna neinar þær athugasemdir sem þurfa svara við. Landsneti er þakkað fyrir umsögnina og einnig sérstaklega fyrir ábendingu um uppmæligögn um minjar við línustæði Blöndulínu-3 sem bent er á í umsögninni að til séu.

2. Í umsögn **Náttúrufræðistofnunar** kemur fram að stofnunin telji framkvæmdina að umfangi og eðli ekki líklega til að hafa í för með sér svo umtalsverð umhverfisáhrif að hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum sem sjálfstæð framkvæmd.

Að því sögðu leggi NÁTT þó áherslu á að líta verði á málið í víðara samhengi, enda sé núverandi og fyrirhuguð skógrækt í Öxnadal og Hörgárdal samanalagt hundruð hektara. Veruleg vistfræðileg og landslagsleg verðmæti séu fólgin í opnum gras- og mólendissvæðum, auk svæða á C-hluta náttúruminjaskrár og annarra náttúruminja innan sveitarfélagsins, og telji NÁTT þannig að rétt sé að samlegðaráhrif skógræktar og verndargildi náttúruminja verði metin heildstætt fyrir sveitarfélagið í heild, en ekki einungis fyrir hverja jörð fyrir sig. NÁTT telur því mikilvægt að sveitarfélagið, í tengslum við skipulagsgerð eða með sérstakri greiningu, láti fara fram heildstætt mat á því hvaða svæði henti til skógræktar með hliðsjón af vernd náttúru- og landslagsgæða og hvaða svæði beri að undanskilja slíkri landnotkun.

Þessutan er í umsögn NÁTT dregið á nokkrum atriðum, sem framkvæmdaraðili svarar hér efnislega:

2.1. NÁTT bendir á að fleiri vistkerfi en skógar geta bundið kolefni, miðlað vatni og aukið frjósemi jarðvegs

NÁTT bendir á að kolefnisbinding sé ekki bundin við skógrækt eina og sér, t.d. geti ýmis önnur náttúruleg vistkerfi, einkum mýrlendi og frjósamt graslendi verið öflug kolefnisforðabúr og bundið verulegt magn kolefnis í jarðvegi. NÁTT telur ekki sjálfgefið að skógrækt á vel grónu landi leiði til aukinnar heildarkolefnisbindingar, heldur fari það eftir fyrri ástandi lands og framkvæmdaháttum, enda fylgi skógrækt oft tímabundin losun á kolefni. Kolefnisávinningur geti þannig verið mestur þar sem rýrt land eða lítt gróin svæði eru tekin til ræktunar, en síður þar sem fyrir eru kolefnisrík graslendis- eða votlendisvistkerfi. Ennfremur bendir NÁTT á að vel gróið gras- og mólendi gegnir nú þegar mikilvægu hlutverki í bindingu jarðvegs og miðlun vatns, og þannig sé það ekki nauðsynlegt markmið með skógrækt að jafna vatnsbúskap og auka frjósemi jarðvegs.

- Framkvæmdaraðili telur langsótt að telja skóg ekki binda kolefni umfram önnur vistkerfi. Hér er rétt að gera greinarmun tvennskonar merkingu orðins *binding*; það merkir geymd (eða forða) annarsvegar og bindingarhraða hinsvegar; þ.e. því kolefni sem geymist í vistkerfi, þ.m.t. neðanjarðar, og svo því hve hratt kolefni binst (t.d. tonn/ha/ári). Það er óumdeilt að graslendi og votlendi geta geymt mikið kolefni í jarðvegi, og t.a.m. er kolefnisforði í votlendi á norðurslóðum geysilega mikill og sennilega meiri en í nokkrum öðrum vistkerfum á sömu slóðum til samans. Hraði bindingar kolefnis í

votlendi stenst þó ekki samanburð við hraða bindingar í skógi sem er í vexti¹, og auk þess geymist kolefni í skógarjarðvegi ekki síður en í öðrum jarðvegi.

Undirritaður tekur því ekki undir orð NÁTT um að heildarkolefnisbinding í votlendi eða graslendi sé meiri en í skógi. Rétt er að hvetja NÁTT til að láta tölur eða útreikninga fylgja vangaveitum sem þessum, séu þær fyrir hendi.

Hvað varðar tímabundna losun sem fylgir jarðvinnslu undir skógrækt, þá er ljóst að jarðvinnslu fylgir óhjákvæmilega losun á kolefni úr jarðvegi. Tap á kolefni við slíka jarðvinnslu verður hinsvegar að setja í samhengi við tvennt: magn kolefnis í jarðveginum, og það magn sem líklegt er að skógurinn bindi. Ef jarðvinnslan grær upp á nokkrum árum er tap kolefnis úr jarðvegi afar lítið. Dæmi um þetta eru túnrækt – ef kolefni hyrfi mjög hratt úr jarðveginum við jarðrask, ætti það að hafa verulega neikvæð áhrif á frjósemi túnjarðvegs til langs tíma að plægja þau, herfa og endursá. Akurrækt, þar sem akrar eru jarðunnir jafnvel á hverju ári, leiðir það ekki af sér að allt kolefni tapist úr jarðveginum. Fáar mælingar eru til á þessu hérlandis, en ekki virðist það talið að kolefnisýrningun í túnnum vegna jarðvinnslu sé mikil.²

Hérlendar mælingar benda til þess að vöxtur skógarins vegi upp kolefnistapið af jarðraskinu á örfáum árum. Þetta er ágætlega útskýrt í grein Úlfs Óskarssonar í Heimildinni 12. nóvember 2023.³

2.2. NÁTT bendir á að útivistargildi aukist ekki endilega með skógrækt

NÁTT bendir á að opnar fjallshlíðar, graslendi og mólendi með víðáttumikilli sýn geta haft verulegt landslags- og upplifunargildi, og að umbreyting slíkra svæða í nytjaskóg breyti ásýnd og eðli landsins og geti bæði aukið og dregið úr tilteknum útivistargæðum, eftir því hvaða sjónarmið eru lögð til grundvallar.

- Undirritaður getur í raun tekið undir þetta. Hins vegar er stendur í greinargerðinni að „skógurinn [muni] auka gildi svæðisins til útivistar allan ársins hring með þeirri fjölbreytni og skjóli sem skógurinn gefur.“ Það merkir ekki að framkvæmdaraðili telji að núverandi landslag hafi ekkert útivistargildi, heldur er hugsunin sú að útivist á svæðinu verði fýsilegri á fleiri árstímum en nú er. Almennt er það talið rétt í skógrækt hér á landi að skógar séu hafðir nýtanlegir til útivistar, t.d. þannig að fólk geti komist þar um og að öllum sé heimil ferð um skóginn. Það er þess vegna yfirleitt talið upp með markmiðum hvernar framkvæmdar í nýskógrækt, að þar verði hægt að stunda útivist, en í því felst ekki að útivistargildi sé sjálfkrafa talið mjög lágt í landi sem er skóglaut.

2.3. Um vistgerðir og afmörkun votlendis

Í umsögninni fjallar NÁTT um vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi.

- Fjallað var um þetta í greinargerðinni með tilkynningunni og ekkert dregið undan þar.

NÁTT leggur til að afmörkun votlendis fari fram áður en framkvæmdir hefjast og að jafnframt verði sérstaklega hugað að vistgerðum með hátt og mjög hátt verndargildi við útfærslu ræktunaráætlunar.

- Undirritaður sér enga aðra leið en að afmarka votlendi áður en framkvæmdir hefjast, enda stendur það til. Ekki þótti ástæða til að tiltaka það sérstaklega í greinargerðinni að það yrði gert. Hvað varðar aðrar vistgerðir en votlendisvistgerðir (sem allar eru undanskildar við ræktunaráætlun), sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi, þá er það sjálfsagt að huga að þeim, en þó verður að gera ráð fyrir að skógur verði ræktaður þar sem það hentar innan samningssvæðisins. Þar með breytast þær vistgerðir í skóg.

¹ benda má á Landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda 1990-2023, sem kom út 2025:

https://unfccc.int/sites/default/files/resource/20250315_ISL_NID%202025.pdf Tölur um kolefnisbindingu skóga heilt yfir og eins graslendis má finna í töflum 6.16 og 6.27.

² Jón Guðmundsson, 2016. *Greining á losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði*. Landbúnaðarháskóli Íslands. Umfjöllunin er á bls. 25-26.

https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Greining-a-losun-grodurhusa-vegna-landbunadar_161012JG_okt.pdf

Kolefni er vissulega ekki næringarefni, en minnkuð frjósemi jarðvegs getur verið samhliða tapi kolefnis.

³ Úlfur Óskarsson. Áhrif jarðvinnslu til nýskógræktar á kolefnisbindingu. Heimildin, 12. nóvember 2023.

<https://heimildin.is/grein/19551/ahrif-jardvinnslu-til-nyskograektar-a-kolefnisbindingu/>

2.4. Um fuglalíf

NÁTT telur mikilvægt að meta samleðgaráhrif skógræktar í Hörgárdal og Öxnadal á fuglalíf.

- Undirritaður tekur undir að slíkt væri af hinu góða. Athugasemd NÁTT skilst ekki sem ósk um að framkvæmdaraðili í Fagranesi standi fyrir þessu mati. Framkvæmdaraðili getur ekki annað en stutt það að þetta mat fari fram, en telur sér ekki skylt að standa straum af kostnaði við það.

2.5. Um jarðminjar og landslag

NÁTT ræðir um að í vesturhlíðum Fagranesfjalls séu fjölbreyttar jarðmyndanir og landslagsheildir áberandi. NÁTT telur að skógrækt í hlíðum geti haft veruleg áhrif á ásýnd landslags og sýnileika jarðmyndana. Ennfremur, að jarðvinnsla með TTS-herfi skilji eftir sig rásir sem geti verið sýnilegar um árabíl, sérstaklega í hallandi landi. NÁTT telur að meta þurfi sérstaklega sjónræn áhrif framkvæmdarinnar í samhengi við heildarlandslag Öxnadal.

- Undirrituðum var við skrif greinargerðarinnar ekki fullljóst hvort og hvar í fjallshlíðum Fagranesfjalls megi finna merkilegar jarðmyndanir þar sem vert væri að sleppa því að koma upp skógi. Af umsögn NÁTT má hugsanlega ráða að þær jarðmyndanir séu ekki innan skógræktarsvæðisins, og er það vel.

Hvað varðar landslag og sýnileika jarðvinnslu, t.d. með TTS-herfi, þá kom það fram í greinargerðinni, að „gera m[egi] ráð fyrir að jarðvinna þurfi frjósamasta landið [...]“. Það merkir að jarðunnið verður eingöngu neðan hlíðar þar sem gróður er sem mestur og grasvöxtur mikill, og hefði það vissulega mátt koma skýrar fram í greinargerðinni. Almenn er land frjósamara eftir því sem neðar dregur í fjallshlíðum, og þörf á jarðvinnslu þar mest. Ef rásir eftir jarðvinnslu sjást mörgum árum eftir að jarðunnið er, bendir það til þess að gróska sé svo lítil að líklega hefði jarðvinnsla ekki verið þörf. Það er því mat framkvæmdaraðila að ólíklegt sé að jarðunnið verði upp í hlíðar þannig að ummerki sjáist um árabíl.

2.6. Um val á trjategundum og hættu af stafafuru og greni

NÁTT telur að stafafura og sitkagreni geti sýnt ágenga hegðun og dreift sér út fyrir afmörkuð skógræktarsvæði. Sjálfsáning þessara tegunda geti því stækkað áhrifasvæði skógræktarinnar. NÁTT telur mikilvægt er að skýr vöktunaráætlun og ábyrgð á fjarlægingu sjálfsáningar liggi fyrir.

- Undirritaður telur áhyggjur NÁTT af sjálfsáningu stafafuru og sitkagrenis meiri en tilefni er til. Þessar tegundir sá sér gjarnan í rofið land, og birst hafa skýrslur um töluverðan þéttleika sjálfsáðra stafafura í vegköntum og á ógrónu landi, sem er í sjálfu sér ekki óeðlilegt dreifingarmynstur hjá trjategund. Þegar þess er gætt að það er nú þegar áratuga reynsla af notkun þessara tveggja tegunda og að margar milljónir af trjám þessara tegunda hafa verið gróðursettir um allt land á þessum áratugum, þá er ljóst að sjálfsáning þeirra útfyrir skógræktarsvæði er óveruleg. Sést það t.d. á góðum loftmyndum. Undirritaður telur því óverulega hættu á að þessar tegundir taki að dreifa sér útfyrir skógræktarsvæðið til skaða, en stingur upp á því að athugað verði á 10 ára fresti hve mikil útsáningin sé og tré verði söguð niður ef þörf er á. V.a.m. þá er það á könnu veghaldara (Vegagerðarinnar) að halda niðri gróðri í vegköntum, og Landsnets að koma í veg fyrir að tré vaxi upp undir raflínustæðum.

Náttúrufræðistofnun er þökkuð umsögnin. Framkvæmdaraðili vonar að helstu atriðum sem þar er velt upp hafi verið svarað með fullnægjandi hætti hér.

3. Í umsögn **Náttúruverndarstofnunar** kemur fram að stofnunin telji að fyrirhuguð skógrækt sé í heild sinni ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Þó megi velta fyrir sér þeim ávinningi sem hljótist af því að breyta gróðursælu landi í skóg, m.t.t. kolefnisbúskapar, líffræðilegs fjölbreytileika, verndargildis vistgerða og mikilvægi þeirra sem búsvæða fyrir fugla. NVS bendir því á þann möguleika að hlífa þeim hlutum svæðisins sem verða fyrir mestum áhrifum, við skógrækt.

NVS bendir á að erfitt sé að mælast til þess að stakar og smáar framkvæmdir fari í fullt umhverfismat, en að samlegðaráhrif margra skógræktarreita á svæðinu geti orðið umtalsverð. Æskilegt væri því að

sveitarfélagið gerði mat á þeim svæðum þar sem skógrækt er æskileg, m.t.t. vistgerða, fuglalífs, svæða á náttúruminjaskrá, jarðmyndana og ásýnd.

Í umsögn NVS er dregið á nokkrum atriðum, sem framkvæmdaraðili svarar hér efnislega:

3.1. Vatnsverndarsvæði og áburðargjöf

NVS bendir á að skógræktarsvæðið er innan vatnsverndarsvæðis (fjarsvæðis) og að vatnshlot Hörgár streymir samsíða svæðinu. NVS hvetur til þess að passað sé að að áburðargjöf sé með þeim hætti að hún mengi ekki vatnshlotið og hafi áhrif á vatnabúskap hennar.

- Undirritaður tekur undir þetta, en hafa má í huga að áburðargjöfin í heild á 72 ha skóginn er áætluð um 1200 kg í eitt skipti. Það er jafn mikið og borið er árlega á um 2...4 ha af túni í góðri rækt. Tré, sem og túngrös, eins og annar gróður, nýta áburðarefni (næringarefni) nokkuð vel, og undirritaður telur ólíklegt að verulegt magn áburðarefni skolist burt.

3.2. Um vistgerðir með hátt verndargildi

NVS bendir á að mögulegt sé að hlífa vistgerðum með hátt verndargildi við því að taka þær til skógræktar.

- Um þetta vísast til svars við lið 2.3. hér að ofan.

3.3. Um fuglalíf

NVS ræðir um fuglalíf og áhrif skógræktarinnar á fulgastofna sem eiga undir högg að sækja.

- Í greinargerðinni er vissulega rætt um þetta og ekki reynt að draga úr því að skógrækt getur þýtt búsvæðatap fyrir vissar fuglategundir. Um þetta vísast einnig til svars við lið 2.4. hér að ofan. Undirritaður telur rétt að benda á að töluverður hluti fyrirhugaðs skógræktarsvæðis er í halla, en mófuglar munu almennt síður sækja í að verpa í brattlendi en á jafnsléttu, og eru þá neikvæð áhrif skógræktarinnar minni sem því nemur. Um þetta er undirritaður þó ekki sérfróður, og ekki heldur þeir aðilar sem hann hefur sótt ráðgjöf til.

3.4. Um trjategundir og ógn við líffræðilega fjölbreytni

NVS ræðir um áætlaða útplöntun á um 35 þúsund stafafurum í skógræktarsvæðinu í samhengi við þá ógn sem líffræðilegri fjölbreytni getur stafað af stafafuru. NVS rekur helstu niðurstöður greinar Wasovicz et al. (2025).

- Um líkur á verulegri útbreiðslu stafafuru vísast einnig til svars við lið 2.6. hér að ofan.

Undirritaður hefur kynnt sér hina tilvitnuðu grein, og rengir ekki mæliniðustöður sem þar eru birtar. Hinsvegar telur undirritaður að ályktanir sem þar eru dregnar séu ekki nægilega undirbyggðar. Það skortir á að hægt sé að yfirfæra niðurstöður rannsóknarinnar útfyrir rannsóknarsvæðið sjálft (sem er Steinadalur í Suðursveit), ekki er gefið upp umfang og útbreiðsla stafafuru eftir gróðurhverfum / vistgerðum og svo verður einnig að hafa í huga að einföld talning á fjölda æðplöntutegunda er ekki fullkominn mælikvarði á líffræðilegri fjölbreytni. Þá skortir á skilning á birtu og ljósdreifingu í skógvistkerfum, og þess vegna er í greininni gengið út frá því að skógar hafi neikvæð áhrif á tegundafjölda *per se*. Raunin er hins vegar sú að það er eðli skóga sem vistkerfis að inni í þeim eru miklar langtímasveiflur á ljósmagni yfir langan tíma (sveiflan er sá tími sem tekur tré að ná fullri stærð eða þangað til það drepst eða er höggvið).

Benda má á tvær aðrar greinar um stafafuru (⁴ og ⁵), þó að umfjöllun um þær sé líklega út fyrir efnið hér.

Í stuttu máli, þá telur undirritaður að yfirfærðar niðurstöður úr grein Wasovicz et al. (2025) eigi ekki við um skógræktaráformin í Fagranesi.

⁴ Ólafur Eggertsson, Castiglia D. A. og Carrer M. (2022). Natural regeneration of Lodgepole pine (*Pinus contorta*) in Steinadalur, SE-Iceland. Icelandic Agricultural Sciences. <https://doi.org/10.16886/IAS.2022.03>

⁵ Riege D.A., Sigurgeirsson A., Kjartansson B.P. et al. *Pinus contorta* colonization and biomass accumulation in lands adjacent to plantations in Iceland. *New Forests* 56, 68 (2025). <https://doi.org/10.1007/s11056-025-10139-0>

3.5. Um landslag og ásýnd

NVS bendir á að mestu sömu atriði og NÁTT gerir í sinni umsögn.

- Vísast til svars við lið 2.5. um þetta.

3.6. Um ávinning af skógrækt m.t.t. kolefnisbúskapar

Í niðurlagi veltir NVS fyrir sér þeim ávinningi sem hlýst af því að „herfa upp gróðursælt land til þess að planta trjám“, m.t.t. kolefnisbúskaps.

- Undirritaður bendir á, að þessar vangaveltur eiga fyllilega rétt á sér ef um er að ræða að ætlunin sé að jarðvinna (og að einhverju leyti þurrka) votlendi til þess að planta þar trjám. Í þess konar landi er kolefnið bundið í jarðvegi sem rotnar afar hægt vegna þess að hann er neðan grunnvatnsyfirborðs (súrefni kemst þannig ekki að plöntuleifum og þær rotna ekki, kolefnið geymist þannig um lengri tíma). Í umræddum skógræktaráformum í Fagranesi stendur ekki til að jarðvinna votlendi (votlendi er úrtak, og auk þess væri takmarkaður ávinningur af því að rækta skóg í votlendi enda vaxa tré þar afar hægt, ef nokkuð), heldur er það frjósamt graslandi. Frjósemin í þeim jarðvegi byggir m.a. á loftun og aðgangi róta (t.d. grasróta) að súrefni, og þar eru því ekki þær loftfirrðu aðstæður sem eru fyrir hendi í votlendisjarðvegi. Jarðvinnsla í þannig landi hefur því ekki sömu losunaráhrif og þegar votlendi er þurrkað.

Hvað varðar magn losunar og bindingar kolefnis í jarðvegi og skógi, vísast til svars við lið 2.1. hér að ofan. Því til viðbótar vill undirritaður koma því á framfæri, að skógur bindur mikið kolefni; kolefni í jarðvegi eykst þar sem skógur vex; og kolefnistap við jarðvinnslu er óverulegt (nema í votlendi).

Náttúruverndarstofnun er þökkuð umsögnin. Framkvæmdaraðili vonar að helstu atriðum sem þar er velt upp hafi verið svarað með fullnægjandi hætti hér að ofan.

4. Umsögn **Hörgársveitar** er stutt, og þar segir að „sveitarstjórn [hafi samþykkt] að mæla með því að umhverfismat fari fram.“

- Framkvæmdaraðili telur ekki tilefni til að bregðast við umsögninni hér sérstaklega, enda engin atriði í umsögninni sem þarfnast skýringa.

5. Í umsögn **Minjastofnunar** er fjallað um framkvæmdina, og bent á (eins og í greinargerðinni), að sú skráning sem liggur fyrir uppfylli ekki staðla Minjastofnunar og því þurfi að uppfæra hana áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út.

Að því gefnu að uppfærð skráning muni liggja yfir áður en framkvæmdir hefjast telur Minjastofnun að að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

- Framkvæmdaraðili hyggst uppfæra skráninguna að staðli eins og tekið er fram í greinargerð.

Verður þessum gögnum skilað til minjavarðar þegar þar að kemur.

Rétt þykir að benda á að í greinargerð er rætt um 20 m frá ytri mörkum fornleifa, og er það skv. gildandi aðalskipulagi, sem styðst við eldri lög um minjavernd. Í núgildandi lögum er viðmiðið hins vegar 15 m.

6. Í umsögn **Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra** (HNE) kemur frama að HNE telur rétt að lagt sé mat á hvort jarðvinnsla geti aukið framburð til árfarvega tímabundið. Við slíkt mat sé mikilvægt að líta til fyrirbyggjandi gagna um ofanflóða- og jarðvegsaðstæður í Öxnadal og Hörgárdal. Jafnframt leggur HNE áherslu á að áburðargjöf verði stýrt með ábyrgum hætti til að lágmarka hættu á að næringarefni skolist í yfirborðs- og grunnvatn. HNE hvetur til sérstakrar varúðar þar sem jarðvegur er grunnur eða halli mikill.

Það er mat HNE að framkvæmdin sé ólíkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og ætti því ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum

- Framkvæmdaraðili treystir sér ekki til að leggja mat á hvort jarðvinnsla komi til með að auka framburð í ár tímabundið, en telur þó að ólíklegt sé að framburðurinn verði mikill sé ekki jarðunnið

nálægt árbökkum eða lækjum. Ætti þá sá gróður sem er á milli jarðvinnslunnar og árinna að taka við þeim framburði ef einhver verður.

Hvað varðar áburðargjöf, þá vísast um það til vars við lið 3.1.

Þar sem því háttar til að gróðursettar eru trjáplöntur í miklum halla má vissulega gera ráð fyrir að það sé hraðara vatnsstreymi, og þar með meiri hætta á að áburður skolist burt. Við skógrækt er það visst kappsmál að bera ekki meiri áburð á trjáplöntu en hún getur sjálf nýtt sér, og ef gáð er að veðurspá áður en farið er með áburð upp í fjallshlíðar ætti að vera hægt að bera hæfilegt magn á hverja plöntu án þess að áburðurinn skolist burt til lítils gagns. Einnig mætti ætla að smár gróður í lítið grónum hlíðum geti nýtt sér þann áburð, sem trjáplönturnar mögulega ekki nýta sér, til stækkunar og fræþroska.

Er þá þessu letters bréfi með viðbrögðum við umsögnum lokið. Öllum aðilum eru þakkaðar umsagnir. Örfáum atriðum er undirritaður ósammála, um annað er eðlilegt að vakni spurningar og athugasemdir sem undirrituðum er ljúft og skylt að svara, og eftir atvikum varpa betra ljósi á eftir sinni bestu getu. Annað eru sannarlega gagnlegar ábendingar. Er þetta tíundað hér að ofan lið fyrir lið.

Ég hef fengið töluverða hjálp við skrif þessara viðbragða, og þakka ég þeim aðilum kærlega fyrir það.

Henri Middeldorp, landeigandi Fagranesi

Svör 11. maí 2026

Til : Sigurður Ásbjörnsson - HMS <Sigurdur.Asbjoernsson@hms.is>
Frá : Páll Sigurðsson - LOGS <pall.sigurdsson@landogskogur.is>
Heiti : Svör 11. maí 2026
Málsnúmer : 202505060
Málsaðili : ITF reforestation ehf.
Skráð dags : 11.05.2026 00:00:00
Höfundur : Páll Sigurðsson - LOGS <pall.sigurdsson@landogskogur.is>
Viðhengi : [Isi-attach-effects_8d92f150a98c3aa6e96424f0979a8ce4d7a6b9e891659ca286d5f562.png](#)
[image001.png](#)

Blessaður Sigurður, veit ekki hvort þú fékkst þessi skilaboð hér líka, sendi þér þau til öryggis.

kv. PS

Frá: Benjamín Örn Davíðsson - LOGS **Sent:** mánudagur, 11. maí 2026 08:26**Til:** Páll Sigurðsson - LOGS **Efni:**
Re: RE: Fagranes

Sæll,

Á svæðinu eru tveir gamlir vegir, þar af leiðandi þarf ekki að gera mikla slóðir innan svæðis.

Vegalengdin sem um ræðir er um 450 m í þremur hlutum

Slóðar fyrir þessa framkvæmd eru vanalega 4 metrar á breidd geta orðið 4,5 -5 m í beygjum

Slóðirnar eru fyrst og fremst ætlaðar til að komast um með plöntur til gróðursetningar og eru þar af leiðandi litlar og mjóar slóðir og einungis markað fyrir þeim með jarðýtu eða gröfu.

Kv

Benni

Benjamín Örn DavíðssonSkógræktarráðgjafiLand og skógurGömlu-Gróðrarstöðinni Krókeyri, 600 Akureyri -
Iceland**benjamin.davidsson@landogskogur.is**Sími +354 896 8184**landogskogur.is**

From: Páll Sigurðsson - LOGS <pall.sigurdsson@landogskogur.is>**Sent:** Thursday, May 7, 2026 4:45 PM**To:**
Benjamín Örn Davíðsson - LOGS <Benjamin.Davidsson@landogskogur.is>**Subject:** FS: RE: Fagranes

Fékk þessa spurningu frá matsmanninum hjá HMS:

kv. PS

Frá: Sigurður Ásbjörnsson - HMS <Sigurdur.Asbjoernsson@hms.is>**Sent:** fimmtudagur, 7. maí 2026 15:41**Til:** Páll Sigurðsson - LOGS <pall.sigurdsson@landogskogur.is>**Efni:** RE: RE: Fagranes

You don't often get email from sigurdur.asbjoernsson@hms.is. [Learn why this is important](#)
Takk fyrir póstinn

En nú vantar mig upplýsingar um umfang fyrirhugaðra slóða sem þarf að leggja vegna framkvæmdanna. Hversu langir og breiðir verða þeir? Hversu mikið er talið að þurfi af efni í slóðagerð? Og hvar verður það efni tekið?

Kveðja / Best regards

Sigurður Ásbjörnsson

Sérfræðingur

Umhverfismat



Borgartún 21 | 105 Reykjavík | Sími +354 4406400

From: Páll Sigurðsson - LOGS <pall.sigurdsson@landogskogur.is>

Sent: 07.05.2026 11:28:36

To: Sigurður Ásbjörnsson - HMS

Subject: RE: Fagranes

Sæll, líklega er ég of gjarn á að nota skammstafanir ... En þetta er semsagt „vel að merkja“.

kv. Páll Sig.

Frá: Sigurður Ásbjörnsson - HMS**Sent:** fimmtudagur, 7. maí 2026 09:36**Til:** Páll Sigurðsson - LOGS
Efni: Fagranes

You don't often get email from sigurdur.asbjoernsson@hms.is. [Learn why this is important](#)
Góðan dag

Undirritaður vinnur að ákvörðun um matsskyldu skógræktar á Fagranesi.

Í greinargerðinni segir m.a:

V.a.m. þá er hlutfall niturs (N) í áburðartegundum sem líklegt er að verði notaðar milli 20 og 30%, og hlutfall fosfórs á bilinu 4-7%. Það merkir að í 17 kg áburðar á ha eru ekki meira en 5 kg N og 1,2 kg P.

Hvað þýðir skammstöfunin v.a.m.?

Kveðja / Best regards

Sigurður Ásbjörnsson

Sérfræðingur

Umhverfismat



Borgartún 21 | 105 Reykjavík | Sími +354 4406400